



Ársskýrsla

Æskulýðsnefndar Skugga





Æskulýðsnefnd Skugga

Margrét Eggertsdóttir

Halldóra Harðardóttir

Birna Hlín Guðjónsdóttir

Guðbjörg Halldórsdóttir

Helgi Gissurarson

Sæmundur Jónsson

Í hestamannafélaginu Skugga eru 40 - 50 börn, unglingar og ungmenni sem sækja það starf sem æskulýðsnefnd hefur uppá að bjóða. Hestamannafélagið býður upp á fjölbreytta viðburði þannig að allir finni eitthvað við sitt hæfi. Starfið hófst strax í september með knapamerkjunum, síðan týndust hinir ýmsu atburðir inn yfir veturinn.

Kynningarfundur Æskulýðsnefndar

Æskulýðsnefnd Skugga fundaði nokkrum sinnum í vetur og setti niður drög af starfi. Þann 7. mars hélt Æskulýðsnefnd síðan kynningarfund þar sem farið var yfir okkar hugmyndir og fengu krakkarnir einnig tækifæri á að koma með sínar hugmyndir af starfinu.

Á fundinn mætti Linda Rún Pétursdóttir reiðkennari en nefndin var búin að fá hana til að skipuleggja atriði fyrir Vesturlandssýninguna. Linda ákvað með krökkunum hvað þau vildu sýna og fóru þau strax á fullt að ákveða atriðin.

Knapamerki

Eins og undanfarin ár var knapamerkið kennt.

Hestamannafélagið hefur verið í samstarfi við Grunnskólann í Borgarnesi og hefur skólinn séð um bóklega áfangann í 1-3.

Nú í haust voru kennd knapamerki 1,2,3 og 5.

Þátttaka var góð og voru 7 nemendur í knapamerki 1, 3 nemendur í knapamerki 2, 4 nemendur í knapamerki 3 og 11 nemendur í knapamerki 5.

Þetta var í fyrsta skipti sem knapamerki 5 var kennt og hefur ekki svona stór hópur útskrifast úr því áður.

Allur hópurinn náði með glæsibrag og voru þarna meðal annars hæstu einkunnir yfir landið.

Reiðkennari í öllum Knapamerkjunum var Heiða Dís Fjeldsted.



Útskriftahópur úr knapamerki 5 ásamt Heiðu Dís Fjeldsted reiðkennara.

Vesturlandssýning

Hin árlega Vesturlandssýning var haldin laugardaginn 29. mars 2014 í Reiðhöllinni Faxaborg. Þar sýndu krakkar frá hestamannafélögunum Skugga, Faxe, Snæfelling, Glæð og Dreyra frábær atriði undir stjórn Lindu Rúnar Pétursdóttur reiðkennara.

Vegna mikils fjölda þá var skipt í tvo hópa, barna og unglinga. Krakkarnir hittust í nokkur skipti í Reiðhöllinni Faxaborg og æfðu atriðin.

Einnig sýndu unglingar úr Menntaskóla Borgarfjarðar frábært atriði.

Öll atriðin voru glæsileg og mega hestamannafélög á Vesturlandi vera stolt af sínum krökkum.



Barnaflokkur



Unglingaflokkur



Hópur Menntaskóla Borgarfjarðar

Almennt reiðnámskeið

Boðið var upp á almennt reiðnámskeið fyrir vana, börn/unglinga og ungmenni. Í byrjun var námskeiðið kennt í hópatímum en var síðan breytt í einstaklingstíma þar sem misjafnt var hvað krakkarnir vildu leggja áherslu á að læra. Reiðkennari var Linda Rún Pétursdóttir en hún aðstoðaði krakkana einnig fyrir úrtöku inn á Landsmót.

Reiðnámskeið fyrir börn



Námskeið fyrir byrjendur og lítið vana. Góð þátttaka var á þessu námskeiði og á því voru börn á aldrinum 3 - 8 ára. Á þessu námskeiði var farið í undirstöðuatriðin og gerðar ýmsar fimi- og jafnvægisæfingar inni í reiðhöll. Börnin æfðu síðan atriði sem þau sýndu á Æskulýðsdeginum.

Páskaeggjaleit



Þann 12. apríl var leitað að páskaeggjum við Reiðhöllina Faxaborg í Borgarnesi. Byrjað var á því að fara í leiki inn í reiðhöllinni á meðan börnin voru að týnast á staðinn. Þegar allir voru mættir þeystu þau af stað til að finna sér páskaegg. Mikil spennu var á meðal barnanna og fóru allir sáttir heim með sín páskaegg eftir vel heppnaðan dag.

Rattleikur á hestbaki

Rattleikur er orðin skemmtileg hefð hjá hestamannafélaginu og var hann haldinn sunnudaginn 25. maí. Leikurinn er fyrir börn, mömmur, pabba, ömmur og afa, frænkur og frændur. Skipt er í lið og í ár voru 4 lið. Búið var að setja upp ýmsar stöðvar þar sem keppendur áttu að leysa alls kyns þrautir á sem bestum tíma. Þegar öll liðin voru komin í mark var verðlaunaafhending og léttar veitingar.



Keppt var um flottustu ljósmyndina



Verðlaunaafhending



Æskulýðsdagur Skugga

Sunnudaginn 1. júní 2014 stóð Æskulýðsnefnd Skugga fyrir Æskulýðsdegi sem haldin var í Reiðhöllinni Faxaborg í Borgarnesi. Þetta er í fyrsta skipti sem Æskulýðsnefnd heldur slíkan dag og gekk hann vonum framar. Rúmlega 100 gestir komu og gerðu daginn skemmtilegan með okkur.

Upphaflega var dagurinn hugsaður sem Æskulýðsdagur Vesturlands en því miður sáu önnur hestamannafálög á Vesturlandi sér ekki fært um að taka þátt að þessu sinni.

Sýningin snérist um fræðslu og kynningu á hestinum og voru krakkar úr Hestamannafélaginu Skugga ásamt Sigrúnu Katrínu Halldórsdóttir reiðkennara sem kynntu hestinn fyrir áhorfendum með frábærri sýningu.

Tvær stelpur sýndu hindrunarstökk en þær fóru á námskeið hjá Sigrúnu og var sú sýning frábær.

Eftir sýninguna voru grillaðar pylsur og teymt undir yngri kynslóðinni. Við í Æskulýðsnefnd erum ánægð með daginn og vonum að hann verði enn viðburðarmeiri næst.

Við viljum sérstaklega þakka Sigrúnu Katrínu Halldórsdóttir reiðkennara fyrir frábært skipulag og aðstoð.

Geira bakara, Vífilfell, SS, og JGR fyrir styrki.



Gangtegundirnar kynntar



Yngsta kynslóðin



Eldri börnin sýndu vatnstölt



Yngstu börnin sýna jafnvægisæfingar



Hindrunarstökk

Sumarferð unglinga

Þetta sumarið var skipulögð ferð á Löngufjörur helgina 8-10 ágúst. Ferðin féll niður vegna dræmrar þátttöku.

Landsmót

Laugardaginn 14. júní 2014 var úrtökumót hestamannafélaga Vesturlands fyrir Landsmót hestamanna. Mótið var haldið á félagssvæði Skugga í Borgarnesi. Þar kom í ljós hvaða börn/unglingar og ungmenni komust áfram á landsmótið en þrír efstu í hverjum flokk fóru á Landsmót. Í framhaldi af því fékk hestamannafélagið Skuggi Sigvalda Lárus Guðmundsson reiðkennara til að aðstoða krakkana við æfingar, en Sigvaldi fylgdi þeim síðan á mótið. Einn keppandi í barnaflokki komst í milliriðil en þrátt fyrir ágætan árangur nægði það henni ekki inn í úrslit. Í B úrslitum unglingaflokks keppti einn frá Skugga um réttinn til að komast í A úrslit en náði ekki þar inn. Allir krakkarnir voru félagi sínu til sóma og erum við stolt af þeim.



Agústa Rut Haraldsdóttir
og Fáni frá Seli
Ljós: Iðunn Svansdóttir



Berghildur Björk Reynisdóttir
og Óliver frá Ánabrekku
Ljós: Iðunn Svansdóttir



Atli Steinar Ingason
og Atlas frá Tjörn



Axel Örn Ásbergsson
og Sproti frá Hjarðarholti



Stefanía Sigurðardóttir og
Hermann f. Kúskerpi



Arna Hrönn Ámundadóttir
og Bíldur f. Dalsmynni
Ljós: Iðunn Svansdóttir



Önnur mót

Krakkarnir hafa verið dugleg að sækja hin ýmsu mót. Svo sem KB mótaröðina, Íþróttamót Faxe og Skugga, Gæðingamót Faxe og Skugga, úrtöku Vesturlands fyrir Landsmót. Þau hafa einnig verið dugleg að sækja mót hjá öðrum hestamannafélögum eins og Dreyra á Akranesi, Glæð í Búðardal, Grana á Hvanneyri og fleirum. Á þessum mótum hafa krakkarnir verið að ná góðum árangri.

Reiðhöllin Faxaborg

Reiðhöllin okkar hefur verið mikið nýtt í vetur eins og fyrri ár. Krakkarnir hafa verið dugleg að nýta sér hana fyrir æfingar. Einnig hefur hún verið notuð mikið fyrir reiðnámskeið, og ýmsar sýningar.

Lokaorð

Hestamannafélagið Skuggi leggur mikinn metnað í æskulýðsstarf enda mikilvægt að hafa fjölbreytt starf þar sem allir finna eitthvað við sitt hæfi. Það er gaman að fylgjast með börnunum taka sín fyrstu skref í hestamennskunni og fylgjast síðan með þeim vaxa og dafna. Við höfum lagt áherslu á að allur aldurshópur finni eitthvað við sitt hæfi og einnig að fjölskyldan geti fundið eitthvað skemmtilegt að gera saman. Starfið í vetur hefur verið viðburðaríkt og skemmtilegt og hlökkum við til að takast á við ný verkefni næstkomandi vetur. Við viljum þakka öllum þeim sem gerðu starfið svona skemmtilegt í vetur þá sérstaklega börnunum, foreldrum og reiðkennurum.

F.H. Æskulýðsnefndar Skugga

Margrét Eggertsdóttir